



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Kópavogi, 25.nóvember 2020.

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, 43.mál.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa bent á mikilvægi almenns stuðnings ríkisins við sveitarfélögin vegna áhrifa af Covid 19. Sú afstaða kemur fram m.a. í umsögn SSH við frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2020 og í almennum umræðum um málið.

Rökin fyrir afstöðu SSH eru einkum sú að sveitarfélögin standa nú frammi fyrir stóru fjárhagslegu verkefni og eiga erfitt með að draga saman seglin í nærþjónustunni s.s. er varðar mennta- og félagsmál, sér í lagi á tímum sem þessum. Þá gefur það augaleið að mikilvægt er að fylgja eftir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og viðhalda þeirri fjárfestingagetu sem var til staðar hjá sveitarfélögum. Ef ríkið kemur ekki frekar að fjármálum sveitarfélaganna er hættan sú að hið fjárhagslega gat verði fjármagnað með lántökum sveitarfélaganna sem á endanum leiðir til minni þjónustu- og fjárfestingalegrar getu sveitarfélaganna. Verði sveitarfélögin ekki í stakk búin til að fjárfesta samkvæmt núgildandi áætlunum og vera hluti af viðspyrnunni mun það vinna gegn efnahagsstefnu stjórnvalda, draga úr viðspyrnunni og hægja á bata efnahagslífsins.

SSH hafa síðan lagt áherslu á að ríki og sveitarfélög nái saman um skilning á viðfangsefninu og byggi þá umræðu á sameiginlegum grunni fjárhagslegra gagna.

Taka SSH því undir töluliði 1, 2 og 4 í ofangreindri tillögu til þingsályktunar, og hvetja til þess að komið verði til móts við sveitarfélögin til samræmis við þessi sjónarmið. Þess utan hafa SSH ekki markað afstöðu til annarra tillagna sem lagðar eru fram í þingsályktunartillögum. Að öðru leyti er vísað til umsagnar SSH um frumvarp til fjárlaga sem meðfylgjandi er umsögn þessari.

Virðingarfyllt,
f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi.

Umsögn SSH um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2020.

Fylgiskjal 1. Minnisblað SSH um áhrif Covid 19 frá 20.apríl 2020.